

Nóvember 2025

Sameinuð um Suðurland

*Árþing SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.
október - 24. október 2025*



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



Ársping Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) var haldið á Kirkjuhvoli á Kirkjubæjarklaustri dagana 23.-24. október 2025 og var það 56. Ársping samtakanna. Á þinginu komu saman ríflega 100 fulltrúar allra fimmtán sveitarfélaga á Suðurlandi til að ræða og ákveða stefnumótandi málefni sem varða landshlutann. Ályktanir ársþingsins endurspeгла brýnustu áskoranir Suðurlands og tillögur að lausnum til að stuðla að sjálfbærni, hagvexti og lífsgæðum íbúa.

Fyrir þingið var skipað í Millipinganefndir sem störfuðu fram að þingi. Nefndirnar skiptu sér niður á málaflokka Sóknaráætlunar sem á Suðurlandi eru Atvinna- og nýsköpun, Samfélag, Umhverfi og Innviðir og tóku þær fyrir þau mál sem brenna helst á kjörnum fulltrúum sunnlensks samfélags. Fyrir þingið skiluðu nefndirnar vel útfærðum ályktunum og tillögum að verkefnum sem ársþingið fjallaði um í kjölfarið.

Hér á eftir eru settar fram helstu niðurstöður ársþingsins samkvæmt málefnasviðum ráðuneyta. Um er að ræða samantekt úr ályktunum ársþings 2025.

Þó inntak ályktanna nefndanna sé ólíkt eftir málefnum stuðla þær allar að því að byggja upp til framtíðar, auka samvinnu og efla samkeppnishæfni landshlutans.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

➤ **Vatns- og fráveitumál - undanþegnir vsk**

Árþing SASS krefst aukins stuðnings ríkisins við uppbyggingu vatns- og fráveitukerfa á Suðurlandi, meðal annars með því að undanþiggja slíkar framkvæmdir virðisaukaskatti og finna tafarlausa lausn á vatnsvanda Vestmannaeyja.

➤ **Hækkuð framlög til Sóknaráætlunar og tengdum verkefnum**

Árþing SASS skorar á stjórnvöld og fjárlaganefnd að hækka framlög til sóknaráætlunar, byggðapróunar, atvinnuráðgjafar og reksturs áfangastaðastofu, og hvetur önnur ráðuneyti til að koma að fjármögnun sóknaráætlana.

➤ **Stækkun hafnar í Þorlákshöfn og framlag ríkis í hafnarbótasjóð tvöfaldaður**

Árþing SASS skorar á stjórnvöld að tryggja fjármagn til stækkunar hafnarinnar í Þorlákshöfn og að tvöfalda framlag ríkisins í hafnarbótasjóð til að styðja við nauðsynlega uppbyggingu hafna.

➤ **Dýpkun Grynnslna við Höfn**

Árþing SASS kallar er eftir því að stjórnvöld tryggi varanlegt fjármagn til dýpkunar á Grynslunum við innsiglinguna til Hafnar í Hornafirði og til áframhaldandi rannsókna á svæðinu.

Mennta- og barnamálaráðuneytið

➤ **Iðnnám á Suðurlandi**

Árþing SASS skorar á stjórnvöld og menntastofnanir að auka og fjölbreytta framboð iðnnáms á Suðurlandi til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir iðnmenntað fólk við uppbyggingu svæðisins.

➤ **Íslenskukennsla og inngilding**

Árþing SASS hvetur stjórnvöld, fræðsluaðila og atvinnurekendur til að efla fjárframlög til íslenskukennslu fyrir erlent starfsfólk og endurskoða fyrirhugaðar skerðingar til að tryggja inngildingu þeirra í samfélagið.

➤ **ART verkefnið – framlenging og fjármögnun**

Árþing SASS skorar á ríkisvaldið að tryggja áframhaldandi fjármögnun og framlengingu á samningi við ART verkefnið á Suðurlandi, ásamt hækkun framlaga í samræmi við verðlagsþróun.





Félags- og húsnæðismála- ráðuneytið

➤ ART verkefnið – framlenging og fjármögnun

Árþing SASS skorar á ríkisvaldið að tryggja áframhaldandi fjármögnun og framlengingu á samningi við ART verkefnið á Suðurlandi, ásamt hækkun framlaga í samræmi við verðlagsþróun.

➤ Íslenskukennsla og inngilding

Árþing SASS hvetur stjórnvöld, fræðsluaðila og atvinnurekendur til að efla fjárframlög til íslenskukennslu fyrir erlent starfsfólk og endurskoða fyrirhugaðar skerðingar til að tryggja inngildingu þeirra í samfélagið.

Atvinnuvegaráðuneytið

➤ Efla styrkjaumhverfi nýsköpunar í matvælaframleiðslu

Stjórn SASS leggur til að stjórnvöld auki fjármagn og bæti styrkjaumhverfi fyrir nýsköpun fyrirtækja og frumkvöðla í landbúnaði og annarri matvælaframleiðslu.

Heilbrigðisráðuneytið

➤ Heilbrigðisþjónusta utan dagvinnutíma

Árþing SASS skorar á ríkisvaldið að tryggja fjármagn til heilbrigðisþjónustu á heimilum fólks utan dagvinnutíma, óháð búsetu, til að styðja við markmiðið um að eldra fólk geti búið lengur heima.

➤ Uppbygging HSu á Selfossi

Árþing SASS skorar á ríkisvaldið að setja uppbyggingu, endurbætur og viðhald Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi í forgang.

Innviðaráðuneytið

➤ Framlag í hafnarbótasjóð

Árþing SASS skorar á stjórnvöld að tvöfalda framlag ríkisins í hafnarbótasjóð til að hægt sé að sinna nauðsynlegri uppbyggingu hafna og tengdum innviðum.

➤ Stækkun hafnar í Þorlákshöfn og dýpkun Grynnsla við Höfn

Árþing SASS skorar á stjórnvöld að tryggja fjármagn til stækkunar hafnarinnar í Þorlákshöfn og að tvöfalda framlag ríkisins í hafnarbótasjóð til að styðja við nauðsynlega uppbyggingu hafna.

➤ Vatns- og fráveitumál - undanþegnir vsk

Árþing SASS krefst aukins stuðnings ríkisins við uppbyggingu vatns- og fráveitukerfa á Suðurlandi, meðal annars með því að undanþiggja slíkar framkvæmdir virðisaukaskatti og finna tafarlausa lausn á vatnsvanda Vestmannaeyja.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

➤ Afhendingaröryggi raforku

Ársping SASS skorar á stjórnvöld að tryggja raforkuöryggi um allt land með því að flýta uppbyggingu flutnings- og dreifikerfa, jafna kostnað við dreifikerfi á alla notendur og endurskoða skattastefnu þar sem orkuskipti eru ekki enn möguleg.

➤ Klára lagasetningu á lagaumhverfi varðandi orkuvinnslu

Ársping SASS fagnar vinnu við nýtt lagaumhverfi orkuvinnslu og skorar á Alþingi að klára lagasetninguna í vetur til að tryggja að nærsamfélög njóti eðlilegs ávinnings af orkuvinnslu á sínum svæðum.

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið

➤ Bætt aðgengi að háskólanámi óháð búsetu

Stjórn SASS leggur til að stjórnvöld vinni í samstarfi við íslenska háskóla að því að efla framboð fjarnámsleiða og stuðli að auknu námsframboði í fjarnámi, þannig að aðgengi að háskólanámi verði tryggt óháð búsetu.

Forsætisráðuneytið

➤ Kjaradeila flugumferðastjóra

Árþing SASS skorar á stjórnvöld að grípa þegar í stað inn í kjaradeilu flugumferðarstjóra með lagasetningu til að stöðva þá alvarlegu óvissu sem hún skapar fyrir ferðaþjónustuna á Suðurlandi.

